

VEFSÍÐUR

WIKI

Vefsíða á borð við Wikipedia er samstarfsverkefni sem gerir notendum kleift að búa til, bæta við, breyta eða eyða innihaldi vefsíðu í gegnum þeirra eiginna vafra. Margar Wiki vefsíður eru opnar þannig að almenningur getur gert breytingar á efni síðunnar.



VIÐSKIPTI

Vefsíða sem byggir á því að verið er að selja vöru eða þjónustu. Flest fyrirtæki halda úti vefsíðu þar sem þau markaðssetja þær vörur sem þau selja eða framleiða.

UMSÓKN

Vefsíða þar sem notendum er gert kleift að nálgast tiltekinn hugbúnað og vinna með hann í gegnum nettengingu. Í sumum tilfellum er boðið uppá gjaldfrjálsan hugbúnað en í öðrum er tekið gjald að hluta til eða að fullu.

PERSÓNULEG SÍÐA

Vefsíða sem byggir á framlagi einstaklings, þ.e. síðan tengist ekki með beinum hætti samtökum, stofnun eða fyrirtæki. Ýmsar ástæður liggja fyrir persónulegri síðu (t.d. áhugamál, tiltekin lífsreynsla, ljósmyndir viðkomandi, ættarskrá o.s.frv.).

VEFGÁTT

Vefsíða, t.d. fyrirtækis eða stofnunar, þar sem notendum er veitt þjónusta allt árið um kring. Rafrænir innri ferlar vefgáttar eru tengdir við aðrar gáttir þannig að notendur geta afgreitt sig sjálfa á sjálfvirknan máta með innsendingu umsókna og erinda á vefnum.



MÁLSTAÐUR

Vefsíða sem snýst um málstað, skoðun eða hugmyndir. Þar kemur fram hugmyndafræði hóps eða stofnunar.




UPPLÝSINGAR

Vefsíða búin til í því skyni að veita upplýsingar um vöru eða vörumerki til væntanlegra eða virkra viðskiptavina, fjárfesta o.s.frv. Upplýsingasíður er alla jafna vel hannaðar og aðgengilegar.


SAMFÉLAGSMIÐILL

Vefsíður sem tengjast og mynda félagslegt net. Meðlimir eru hvattir til að deila frásögnum, myndum, tónlist og myndskleiðum með öðrum skráðum notendum. Flestir samfélagsmiðlar eru einnig einhverskonar spjallrásir.



FRÉTTIR

Vefsíða sem inniheldur áhugavert fréttaeefni, t.d. varðandi stjórnmál, dægurmál, menningu, íþróttir, fjármál og daglegt líf og þar á meðal sögur og greinar um ofangreint efni.



EFNISVEITA

Vefsíða þar sem efni til dreifingar hefur verið safnað saman, ýmist án endurgjalds eða gegn greiðslu. Dæmi um efni á slíkri veitu eru fréttir, þættir, kvikmyndir og tónlist.



BLOGG

Vefsíða sem inniheldur formleg og/eða óformleg skrif í formi greina, dagbókar eða hugleiðinga. Ýmsar leiðir eru til að blogga. Sem dæmi er til myndbandablogg (vlog) og örblogg (sbr. Twitter).

AFPREYING

Vefsíða þar sem boðið er uppá gagnvirkt og grípandi umhverfi. Síður þar sem m.a. má finna tónlist, myndbönd, íþróttir, leiki, vefþætti, getraunir, netspjall o.fl.

NÁM

Vefsíða sem byggir á formlegu og/eða óformlegu námi, kennslu og menntun. Hægt að nema allt frá því að klifra í trjáum til þess að flétta körfur í kafi.



Kópavogsbær